

Skýrsla reiðveganefndar Skugga starfsárið 2012-2013

Nefndina skipa; Arnar Már Gíslason, Bjarni Johansen, Guðjón Guðlaugsson, Guðmundur Guðsteinsson og Marteinn Valdimarsson formaður hennar.

Fyrsta verkefni nefndarinnar á starfsárinu var að venju að fara yfir áætlun um reiðvegagerð og umsóknir um reiðvegafé, uppfæra og ganga frá umsókn um reiðvegafé.

Úthlutun til Skugga nam aðeins 714.000 krónum af 5.000.000 kr. sem var til skipta á sjö félög á okkar svæði sem er frá Hvalfirði í Hrutafjörð. Auk þess var úthlutað til Faxa 1.000.000 kr. og til Snæfellinga 500.000 til lagfæringa á „ferðaleiðum“. Í þessu tilfelli leiðina frá Eskiholti að Löngufjörum.

Eins og fram kom í skýrslu nefndarinnar á síðasta ári fékkst frá Vegagerðinni 800.000 kr. fjárveiting til reiðvegarins um Lækjarkot og Brennistaði. Því til viðbótar fegnust 450.000 kr. á síðustu dögum ársins 2012. Það gerði okkur kleift að taka til baka framlag af reiðvegafé til þessa verks og leggja það í nýjan reiðveg frá hesthúsahverfinu að Faxaborg eða um 420.000 kr. Gert var samkomulag við Trausta í Lækjarkoti um að fá að leggja reiðveginn innan við veggirðinguna í landi Lækjarkots.

Fjárveiting ársins var að mestu notuð til að keyra mól í reiðveginn um Lækjarkot og Brennistaði, sem nú er orðinn ágætlega fær, en ekki nærri fullfrágenginn. Hluta var varið í yfirborðsefni á reiðveginn að Faxaborg og til viðgerða á ræsum.

Undir áramótin s.l. var leitað eftir viðbótarfé frá Vegagerðinni, eða hvort eitthvert félag hafi ekki nýtt sitt framlag. Það bar þann árangur í lok síðustu vikur að í ljós kom að Hmf. Glaður hafði ekki getað nýtt sitt framlag að fullu og óskaði eftir að eftirstöðvar að upphæð 380.000 kr. renni til Skugga. Samið hefur verið um kaup á mól sem flutt verður að Langá við endann á „Ruðningum“ fyrir þessa upphæð. Gert er ráð fyrir að kostnaður við að keyra efnið út verði greitt að fjárveitingu þessa árs. Byrjað verður að bera ofan í þar sem frá var horfið 2012, næst Skilkletti. Gera verður ráð fyrir að þessu framlagið þurfi að skila til Glaðs á þessu ári.

Borgarnesi, 13. jan. 2014.
Marteinn Valdimarsson